



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 1. nóvember 2019

RMF19080007

3.1.4

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Tillaga um borgarhátíðir Reykjavíkur 2020-2022 samþykkt í menningar-, íþrótt- og tómsundaráði***

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs þ. 21. október sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt, sbr. 5. lið hjálagðrar fundargerðar:

Lagt er til að sex hátíðir í Reykjavík hljóti viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2020-2022. Þær eru: Hinsegin dagar – Reykjavík Pride, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, Myrkir músíkdagar og Reykjavík Dance Festival. Gerður verði samstarfssamningur til þriggja ára sem felur í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Framlög til hátíðanna nemi samtals 50 m.kr. á ári og skiptist með eftirfarandi hætti: Hinsegin dagar – Reykjavík Pride 10 m.kr., Hönnunarmars 10 m.kr. Iceland Airwaves 10 m.kr., RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík 10 m.kr., Myrkir músíkdagar 5 m.kr. og Reykjavík Dance Festival 5 m.kr. Framlöggin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 03113 styrkir og rekstrarsamningar. Einnig verði trúnaður um setu í faghóp um borgarhátíðir 2020-2022 framlengdur þar til úthlutun styrkja úr borgarsjóði á sviði menningarmála verður gerð opinber í janúar 2020.

Það tilkynnist hér með.

Arna Schram  
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Fundargerð 25. fundar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 21. október 2019

## MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2019. mánudaginn 21. október var haldinn 25. fundur menningar-, íbróttá- og tómsundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Revkiavíkur og hófst hann kl. 13.33. Viðstöðd voru: Hjalmar Sveinsson, Pawel Bartoszek, Dóra Magnúsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Jórunn Pála Jónasdóttir, Katrín Atladóttir og Baldur Borgbórsson. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Arna Schram sviðsstíóri menningar- og ferðamálasviðs, Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustíóri menningarmála, og Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. október 2019 vegna kosningar í menningar-, íbróttá- og tómsundaráð. Jórunn Pála Jónasdóttir tekur sæti Björns Gíslasonar. RMF18060004
  2. Lagt fram bréf sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs dags. 15. október þar sem óskað er eftir umsögn menningar-, íbróttá- og tómsundaráðs um drög að nýrri ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Samþykkt að fela varaformanni og sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs að gera drög að umsögn ráðsins. Óskað er eftir sjónarmiðum ráðsfulltrúa og áheyrnarfulltrúa fyrir 27. október nk. RMF18040008
  3. Fram fer umræða um fræðsluferð menningar-, íbróttá- og tómsundaráðs til Árósa og Osló 29. september – 4. október 2019. RMF19080018
- Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Lagt fram til kynningar trúnaðarmerkt yfirlit yfir innkomnar styrkumsóknir úr borgarsjóði á sviði menningarmála fyrir árið 2020. RMF19030006
  5. Lögð fram að nýju greinargerð faghóps um borgarhátíðir Reykjavíkur 2020-2022 skipuðum fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs, fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna, fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar og fulltrúa Samtaka verslunar og þjónustu sem sbr. 4. lið fundargerðar menningar-, íbróttá- og tómsundaráðs frá 26. ágúst sl. RMF1908007

Lögð fram svohljóðandi tillaga menningar-, íbróttá- og tómsundaráðs:

Lagt er til að sex hátíðir í Reykjavík hljóti viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2020-2022. Þær eru: Hinsegin dagar – Reykjavík Pride, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, Myrkir músíkdagar og Reykjavík Dance Festival. Gerður verði samstarfssamningur til þriggja ára sem felur í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Framlög til hátíðanna nemi samtals 50 m.kr. á ári og skiptist með eftirfarandi hætti: Hinsegin dagar – Reykjavík Pride 10 m.kr., Hönnunarmars 10 m.kr. Iceland Airwaves 10 m.kr., RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík 10 m.kr., Myrkir músíkdagar 5 m.kr. og Reykjavík Dance Festival 5 m.kr. Framlöggin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 03113 styrkir og rekstrarsamningar. Einnig verði trúnaður um setu í faghóp um borgarhátíðir 2020-2022 framlengdur þar til úthlutun styrkja úr borgarsjóði á sviði menningarmála verður gerð opinber í janúar 2020.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

6. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþróttá- og tómstundaráði óska eftir upplýsingum um stöðu á uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins samkvæmt undirritun sammings 7. maí 2018.

**Fundi slitið kl. 15.09.**

Hjálmar Sveinsson

Pawel Bartoszek  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Katrín Atladóttir

Dóra Magnúsdóttir  
Jórunn Pála Jónasdóttir  
Baldur Borgþórsson